

Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Þverholti 2, Mosfellsbæ og Bjarg íbúðafélag, kt. 490916-0670, Kletthálsi 1, 110 Reykjavík hafa ákveðið að taka höndum saman um uppbyggingu allt að 26 leiguíbúða í Mosfellsbæ. Verkefnið verður unnið á grundvelli laga um almennar íbúðir.

Bjarg íbúðarfélag var stofnað af ASÍ og BSRB á árinu 2016 og hefur leyfi ráðherra sem húsnæðissjálfsseignarstofnun í skilningi laga um almennar íbúðir. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „Almene boliger“.

Að uppbyggingunni verður unnið í samræmi við áherslur Bjargs og Mosfellsbæjar í húsnæðismálum.

Viljayfirlýsing um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Mosfellsbæ

- Mosfellsbær stefnir að því að úthlutað verði lóð fyrir uppbyggingu allt að 26 leiguíbúða á grundvelli laga um almennar íbúðir. Mosfellsbær mun taka umsókn um stofnframlag til uppbyggingarinnar til afgreiðslu þegar hún berst, í samræmi við ákvæði laga.
- Fyrirvari er hafður um fjölda íbúða og hraða úthlutunar ef ekki fást stofnframlög til verkefnanna, en veiting stofnframlaga er háð samþykkt umsókna um stofnframlög, annars vegar af hálfu Mosfellsbæjar og hins vegar HMS, skv. ákvæðum laga um almennar íbúðir og reglum þar um.
- Að samstarfið byggi á grundvelli laga um almennar íbúðir.

1. gr.

Uppbygging

Mosfellsbær lýsir yfir vilja sínum til að úthluta lóðum til uppbyggingarinnar árið 2022, skv. nánara samkomulagi.

Ákvæði um fyrirkomulag húsa, skipulag, útlit, frágang lóða og umhverfis, uppbyggingarhraða o.fl. verða í væntanlegum deiliskipulagsáætlunum og/eða úthlutunarbréfum.

2. gr.
Stofnframlög og greiðsla gjalda

Stofnframlag sveitarfélags er 12% af stofnvirði. Stofnframlag getur verið í formi gatnagerðargjalda og annarra gjalda. Byggingarleyfis-, tengigjöld, byggingarréttargjald o.fl. greiðist skv. gjaldskrá og úthlutunarskilmálum viðkomandi lóða.

Greiðslufyrirkomulag verður eftir reglum Mosfellsbæjar og nánara samkomulagi, þar sem tekið verður tillit til þarfa húsnæðissjálfsseignastofnunarinnar í upphafsfasa m.t.t. sjóðsstreymis.

12. maí 2022

F.h. Bjargs íbúðafélags:

F.h. Mosfellsbæjar

Björn Traustason, framkvæmdastjóri

Haraldur Sverrisson, bærarstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala